Deiliskráning fornleifa á Sýruparti á Akranesi

Adolf Friðriksson og Gylfi Helgason

Reykjavík 2016

FS623-16231

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS

Forsíðumynd: Í Gelluskarði á Akranesi. Horft til norðausturs.
Ljósmynd tók Adolf Friðriksson.

©Fornleifastofnun Íslands 2016

Bárugötu 3
101 Reykjavík
Sími: 551 1033
Fax: 551 1047
Netfang: fsi@instarch.is
Heimasíða: www.instarch.is

Efnisyfirlit

INNGANGUR **4**

FYRRI ATHUGANIR **4**

FORNLEIFAR Á DEILISKIPULAGSREIT **5**

UM FYRIRHUGAÐAR FRAMKVÆMDIR **10**

UM STEINSVÖR **12**

NIÐURSTÖÐUR **20**

Inngangur

Þann 18. ágúst 2016 óskaði Akraneskaupstaður eftir úttekt á fornleifum vegna vinnu við deiliskipulag við Breiðargötu, þar sem áður var Sýrupartstorfan. Vísað er til bréfs Minjastofnunar Íslands, dags. 17. ágúst s.l. til Akraneskaupstaðar þar sem fram kemur að í umsögn minjavarðar Vesturlands dags. 22. júlí s.l. hafi stofnunin gert athugasemdir við áform um framkvæmdir við Steinsvör. Óskaði Minjastofnun eftir að fornleifar á deiliskipulagsreit yrðu skráðar. Fornleifastofnun Íslands ses tók að sér verkið og var það unnið haustið 2016. Adolf Friðriksson annaðist vettvangsrannsókn og skýrslugerð en Gylfi Helgason skjalarannsóknir. Er starfsmönnum Þjóðskjalasafns, handritadeildar Landsbókasafns, Landmælinga Íslands og skjalasafns Skipulagsstofnunar þökkuð góð liðveisla. Í þessari skýrslu er greint frá árangri vettvangsathugunar og heimildarannsókna.

Fyrri athuganir

Deiliskipulagsreiturinn er um 2 ha að stærð og nær til lóða nr. 2, 8, 8A og 8B við Breiðargötu. Er hann þar sem bæir kenndir við Sýrupart stóðu fyrrum, á landi sem áður var líklega hluti gömlu Heimaskagajarðarinnar. Þar gerði Ragnar Edvardsson hjá Fornleifastofnun Íslands aðalskráningu fornleifa í nóvember 1999. Var skráningin ein sú fyrsta sem gerð var í þéttbýli, í anda nýrrar löggjafar um lögbundna skráningu fornleifa vegna aðalskipulagsvinnu. Hafa aðferðir við skráningu, einkum í þéttbýli, sem og löggjöfin breyst talsvert síðan 1999. Áður lögðu stjórnvöld m.a. áherslu á að skrá ætti minjar sem sæjust á yfirborði, en ekki þá mörgu staði sem ritheimildir gefa vísbendingar um, en sést ekki lengur til. Síðustu árin hafa þessi viðmið breyst og eru nú skráðar allar þekktar minjar, enda hefur sú skráningaraðferð þann kost að safnað er upplýsingum um minjastaði sem kunna að hafa horfið sjónum, en gætu verið leifar af undir sverði. Er það í betra samræmi við tilgang laga um fornleifavernd að halda slíkum upplýsingum til haga, en jafnframt kostur fyrir framkvæmdaaðila að lenda síður í töfum vegna óvæntra fornleifafunda við upphaf framkvæmda. Í bréfi Minjastofnunar kemur fram að lendingarstaðinn Steinsvör vanti í skrá yfir fornleifar á Akranesi. Að vísu er Steinsvarar getið í

skýrslunni um skráninguna, en ekki gefið sérstakt fornleifanúmer[1]. Ekki hefur verið áður gerð deiliskráning fornleifa fyrir viðkomandi deiliskipulagssvæði. Sú deiliskráning sem nú er lögð fram er gerð til samræmis við viðmið stjórnvalda um skráningu á deiliskipulagsstigi og er hún mun ítarlegri en sú fornleifaskráning (aðalskráning) sem jafnan er gerð fyrir aðalskipulag.

Mynd 1. Loftmynd af Akranesi. Guli punkturinn sýnir legu deiliskipulags (Mynd: Loftmyndir ehf, sótt af kortavef Akraneskaupstaðar, 30.12.2016).

Fornleifar á deiliskipulagsreit

Reiturinn liggur með suðurströnd Krossvíkur og nær að suðurenda Bárugötu í austri, Breiðargötu í norðri og Bræðraparti í vestri. Hér var bæjartorfan Sýrupartur, niður við svonefnda Gellukletta, sem teygja sig til norðausturs á móts við Heimaskagakletta og mynda þessir klettar litla vík. Þar í er Heimaskagasandur og lendingarstaðir bæjanna sem þar voru í nágrenninu. Inn í Gellukletta gengur langt skarð, sem kallað er Gellan[2].

Upphafssaga byggðar á reitnum er óþekkt. Einu þekktu fornleifafundir úr jörðu á þessum slóðum eru rostungsbein sem komið hafa upp við jarðrask vegna framkvæmda. Þar á meðal er rostungstönn sem talin er hafa verið tálguð, og þ.a.l. forngripur, en ekki náttúruminjar. Erfitt hefur reynst að henda reiður á þessum beinafundum, staðsetningu þeirra og afdrifum gripanna

[1] Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson (1999). *Akranes. Fornleifaskrá*. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands, s. 39-41.

[2] Sbr. „Akranes“, örnefnaskrá, Ari Gíslason skráði (m.a. eftir Benedikt Tómassyni, (1876-1961)). Sjá einnig: Ásmundur Ólafsson, Örnefni við Akranes. *Árbók Akurnesinga* 2006, s. 157-176.

þrátt fyrir talsverða leit[3], en eftir því sem næst verður komist virðast fundarstaðirnir vera utan deiliskipulagsins, þ.e. skammt austan og norðaustan við reitinn.

Neðri hluti Skagans er talinn hafa tilheyrt Görðum í upphafi, en orðið að sjálfstæðri bújörð, Heimaskaga[4] og þaðan gert út um aldir. Kann það að vera rétt, en um upphaf byggðar á niðurskaganum eru engar heimildir, hvorki fornleifarfundir né ritheimildir. Bærinn í Heimaskaga stóð fram til 1944 uppi á Heimaskagaklettum norðaustan við deiliskipulagsreit. Ekki er kunnugt um hvort þau hús sem þar voru reist 1875 (steinbær, rifinn 1905) og 1905 (timburhús, rifið 1944)[5] hafi staðið á eldra bæjarstæði Skaga. Vegna landbrots og ágangs sjávar má vel vera að bærinn hafi verið fluttur, líkt og svo víða hefur gerst á gömlu bæjarstæðunum við strendur Akraness. Engin sérstök ástæða er til að ætla að mögulegt, eldra bæjarstæði Heimaskaga sé innan skipulagsreitsins.

Út úr Heimaskaga byggðust nokkur býli, væntanlega þ.á m. áðurnefndur Sýrupartur. Eru minjar hans að nær öllu leyti innan deiliskipulagsreits. Þar stóðu býlin Efri-, Mið- og Neðri-Sýrupartur og mynduðu litla þyrpingu ásamt Sjóbúð og Réttarhúsum, með túnum og kálgörðum í kring. Verður nú minjum og afdrifum þeirra á reitnum lýst, frá suðvestri til norðausturs: Neðri-Sýrupartur var syðstur í þyrpingunni. Var húsið sem þar stóð flutt á Byggðasafnið í Görðum 1990, en önnur hús og tóftir hafa flest vikið fyrir síðari tíma mannvirkjum.

---

[3] Bréfaskipti höfundar við Ævar Pedersen, Inga Steinar Gunnlaugsson, Jón Allanson og Sturlaug Haraldsson. Sjá einnig „Rostungsbein „telgd af mannahöndum“ finnast undir meðalfjörumáli á Akranesi“, *Þjóðviljinn*, 31.8.1949.

[4] Sbr. t.d Ólafur B. Björnsson: *Saga Akraness* I, s. 23 o.áfr.

[5] Þorsteinn Jónsson, Þættir úr sögu Akraness. Heimildasöfnun til sögu Akraness, 2. þáttur. Húsaheiti á Akranesi - fyrri hluti. *Umbrot*, 5.tbl. 1978, nr. 22.



Mynd 2. Uppdráttur ASK arkitekta af deiliskipulagsreit og fyrirhuguðum framkvæmdum ásamt uppmælingum á fornleifum innan reits.

Suðvestasti hluti reitsins er óbyggt land og er nú tún. Þar var matjurtagarður frá Neðra Sýruparti og er hann sýndur á korti frá 1901[6]. Leifar af grjótvegg eru sjávarmegin. Er hægt að rekja hann nær óslitinn frá miðjum vesturgafli fiskverkunarhúss HB við Breiðargötu 8B (hnit: 350540, 426904) og þaðan til suðvesturs um 80 metra út að merkjum móti Bræðraparti (hnit: 350482 426846). Garðurinn er hlaðinn úr ótilhoggnu fjörugrjóti, 3-4 umför, um 40-50 cm hár og um 30 sm á breidd og með skörðum víða, enda veggurinn hruninn að nokkru. Er grjótgarður sýndur á sama stað á uppdrættinum frá 1901[7]. Sjávarmegin við hann er uppfylling og langtum yngri og voldugri varnargarður. Norðvestan við grjótgarðinn er önnur hleðsla sem liggur eins við áttum, næstum beinn, frá norðaustri (350502, 426883) til suðvesturs (350482, 426856). Er hún að mestu hrunin og líklegt að grjót hafi verið rifið úr henni. Eftir standa 2-3 umför af steinum á stöku stað, en eyður á milli. Er garðlagið líklega leifar kálgarðs sem einnig má sjá á uppdrætti frá 1901 og var áfastur fyrrnefndum grjótgarði meðfram sjónum.

Um 50 m til suðvesturs frá gafli hússins við Breiðargötu 8B, eru leifar af lítilli tóft (hnit: 350504, 426871), áfastri grjótgarðinum sem liggur með sjónum. Er hún um 7 m löng og 4 m breið, að

[6] Akranes. Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901, skjalasafn Skipulagsstofnunar.
[7] Sjá einnig: Ólafur B. Björnsson: *Saga Akraness* I, s. 113.

mestu hlaðin úr grjóti. Veggir eru um 50 sm breiðir. Er lítið mannvirki sýnt á þessum sama stað á uppdrættinum frá 1901. Tóftin snýr VNV-ASA. Vesturendi hennar gæti verið hruninn, en þar gæti jafnvel hafa verið timburgafl. Yfir syðri enda hefur verið reist þaknefna úr timbri á síðustu áratugum og er það væntanlega ekki hluti af upprunalegu mannvirki. Landið í kring er ögn hærra og má vera að tóftin standi á rústabungu eða eldra mannvirki. Ekki sjást aðrar minjar á yfirborði í túninu, en rétt er að halda til haga að þar í kring voru einnig nokkur tómthús og verbúðir um 1700: Gunnarshús, Hannesarhús, og Orrusta[8]. Er því líklegt að undir túninu séu mannvistarleifar, og jafnvel fornar mannvirkjaleifar .

Elstu leifar bæjarstæðis Efra-Sýruparts gætu verið frá öndverðri 17. öld eða eldri[9] og þar var að lokum reistur steinbær 1900 og hlaða og garðlag með sjónum[10], en þau hús voru rifin og er staðurinn kominn undir fiskverkunarhús HB. Heimildir eru um allnokkur tómthús frá um 1700 á Efra-Sýruparti: Bræðrabúð, Pálsbúð Norðurbúð, Brinkahús, og Kallakindarhús[11]. Óvíst er hvar þau stóðu, en þau sem ekki hafa horfið við landbrot eru eflaust komin undir fiskverkunarhúsin ásamt Mið-Sýruparti (sem er líklega frá miðri 19. öld[12]), er stóð sunnan við Efra-Sýrupart og hús Ólafs „gossara“ sem reist var 1896[13]. Réttarhús var reist 1877 og rifið 1895, og Sjóbúð var reist 1875 en rifin 1948.[14] Thor Jensen reisti hús 1895 það sem enn stendur í norðausturhorni skipulagsreits og nýtur friðunar[15]. Nærri þessum húsastæðum reisti HB vaskhús (1916) sem enn stendur á Gelluklettum, eða „á Eyrinni“ eins og heimamenn kalla það þótt eyrin sé ekki stór nú. Þaðan lá gatan Hvalvegur til norðvesturs, u.þ.b. þar sem nú er Bárugata. Norðan við vaskhúsið var Eyrarplanið, að hluta á uppfyllingu, og var steinsteypt og loks byggt yfir það hús sem enn stendur. Eru þessi mannvirki nú öll sambyggð, þ.e. hús Jensens, vaskhús HB og seinni byggingar[16]. Niður undan fiskhúsinu reisti Jensen einnig trébryggju 1895, sem var um aldamótin færð í Lambhúsasund. Á svipuðum stað og bryggja Jensens stóð var gerð

[8] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, IV, 95-96.
[9] Sjá um byggðasögu svæðisins í samhengi við fornleifaskráningu: Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson (1999). *Akranes...* s. 11ff.
[10] Ólafur B. Björnsson: *Saga Akraness* I, s. 113.
[11] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, IV, s. 93-94.
[12] „Árið 1857, virðist fyrst nefndur Mið-Sýrupartur“, Ólafur B. Björnsson, *Saga Akraness* I, s. 98.
[13] Þorsteinn Jónsson, Þættir úr sögu Akraness. Heimildasöfnun til sögu Akraness, 2. þáttur. Húsaheiti á Akranesi - fyrri hluti. *Umbrot*, 5.tbl. 1978, nr. 11.
[14] Þorsteinn Jónsson, sama heimild, nr. 12.
[15] Thor Jensen. *Minningar* I. Skrásett hefir Valtýr Stefánsson. Reykjavík 1954, s. 206.
[16] Guðmundur L. Hafsteinsson, Perla Faxaflóa. Bæja- og húsakönnun á Skipaskaga. Akranes, 2009, s. 23.

bryggja á steinsteyptum stöplum 1908[17]. Leifar af sökkli stöplanna sjást enn (hnit: 350635, 427010 til 350658, 427005, sbr mynd 2). Milli þeirra var lögð voldug, steinsteypt frárennslislögn fyrir mörgum áratugum síðan og er hún enn í notkun. Steinsteyptu sökklarnir eru á og skammt utan við austurmörk deiliskipulagsreits, en utan við það svæði þar sem fyrirhugað er að bæta við fyllingarefni og reisa ný mannvirki.

Mynd 3. Frárennslisstokkur og bryggjuleifar.Nyrstu stöplarnir eru horfnir, en sökkulleifar eru enn sjáanlegar.

[17] Um þessa bryggjusögu sjá m.a. Ólafur B. Björnsson, *Saga Akraness* II, 1959, Akraness, s. 67-69; GH, Saga Akraness I, s. 91-92; Guðjón Friðriksson, *Hér heilsast skipin*, II. bindi, 2013, Akranes, Uppheimar, s. 185ff.

Um fyrirhugaðar framkvæmdir

Samkvæmt deiliskipulagi er gert ráð fyrir framkvæmd í tveimur áföngum. Við áfanga 1 yrði reist hús á lóð 8A, við suðurgafl núverandi byggingar og til norðvesturs að Breiðargötu. Við áfanga 2 yrði byggt á uppfyllingu við Gellukletta á lóð 8B. Verður nú fjallað um þessa áfanga hvorn um sig.

1. áfangi

Lóðin 8A hefur verið óbyggð í seinni tíð, og kann að hafa verið rask vegna atvinnustarfsemi þar í kring. Þar liggja tveir samsíða grjótgarðar og við annan þeirra er tóftarbrot. Mögulegt er að þar leynist undir sverðinum einnig mannvistarleifar frá búsetu á Neðra-Sýruparti, Gunnarshúsi, Hannesarhúsi, Orrustu og öðrum tómthúsum eins og nefnt var í kaflanum hér að ofan. Slíkum mannvistarleifum má ekki raska nema með leyfi og samkvæmt skilmálum sem Minjastofnun setur. Samkvæmt deiliskipulagi er gert ráð fyrir að reisa byggingu á lóðinni. Er líklegt að við jarðrask komi þar fram leifar aldalangrar búsetu á bæjarstæði Neðra-Sýruparts, ásamt tómthúsum. Engar aðrar fornleifar eru sýnilegar á reitnum norðan og austan Neðra-Sýruparts, enda standa þar mannvirki frá 1895 og síðar.

2. áfangi

Verði hús reist á uppfyllingu í Gelluklettum mun framkvæmdin ná út að þeim stað þar sem bryggjustæði voru og lendingar. Við austurmörk deiliskipulagsreits stóð bryggjan frá 1908 og trébryggja Jensens frá 1895 ögn vestar. Lýsingar á minjum um bryggjurnar eru misvísandi. Talið hefur verið að stöplar úr eldri bryggjunni séu þar enn,[18] eða á hinn bóginn, að jafnvel yngri bryggjan sé horfin einnig[19]. Við vettvangsathugun vegna deiliskráningar fornleifa á reitnum 23. ágúst s.l. voru m.a. athugaðar leifar stöpla á þeim slóðum þar sem bryggjurnar voru. Staðurinn var athugaður á ný, við betri aðstæður, þ.e.a.s. á stórstraumsfjöru sem var um hádegisbil 1. október 2016. Var niðurstaða þessara vettvangsathugana skoðuð í ljósi fyrirliggjandi heimilda, þ.á m. uppdráttar frá 1901, er sýnir legu bryggju Thors Jensens. Þennan uppdrátt gerði Knud Zimsen eftir að bryggjan hafði verið rifin og flutt í Lamhússsund. Teikning hans var hinsvegar byggð á mælingum Ólafs Jónssonar frá því um aldamótin 1900 og hefur bryggjan væntanlega verið enn á sínum stað[20]. Uppdráttur danska Herforingjaráðsins frá 1908

[18] Guðmundur L. Hafsteinsson, *Perla Faxaflóa*. Akraneskaupstaður, 2009, s. 23.
[19] Ásmundur Ólafsson, Örnefni við Akranes. *Árbók Akurnesinga* 2006, s. 164.
[20] Sbr. Guðmundur L. Hafsteinsson, *Perla Faxaflóa*…, s. 8.

sýnir nýju bryggjuna, sem reist var á steinstöplum, og loks sýna gamlar loftmyndir, t.a.m. frá 1954, leifarnar af síðustu endurgerð þeirrar bryggju[21]. Á þeirri mynd sést að bryggjuþekjan er horfin og bryggjan löngu ónýt (sjá mynd 4).

Samanburður á uppdráttum sýnir að elsta bryggjan var ekki á sama stað og sú sem síðar var reist. Gekk sú elsta út frá miðju húsi Thors Jensens, sem enn stendur, á ská út í víkina með stefnu til austsuðausturs. Yngri bryggjan var reist um 15 m norðar og austar og með stefnu í suðaustur.

Ekki fundust leifar eftir timburstöpla eða grjótsökkla þar sem bryggja Jensens stóð, en í yngra bryggjustæðinu eru leifar af steinsteyptum stöplum og þar í liggur steinsteypt frárennslislögn. Ekki er ljóst hvort einhverjir af þessum stöplum séu upprunalegir. Bryggjan skemmdist í óveðri 1914, en mögulega eru þar enn leifar síðustu endurbyggingarnar frá 1921, sem að vísu skemmdist mikið í stórviðrum 1933 og 1984.

Þá eru það lendingarstaðir árabáta. Deiliskipulagsreiturinn er á einu helsta athafnasvæði útgerðar á Akranesi. Vegna starfseminnar sem þar hefur verið hefur ásjóna landsins mjög breyst frá því sem var þegar þar var lent á opnum bátum. Töluverð landfylling er í allri víkinni frá Heimaskagaklettum í norðaustri, til suðurs undir gatnamótum Suðurgötu og Bárugötu og áfram þar sem húsin á eyrinni standa á Gelluklettum og á innanverðu Gelluskarði. Ekki liggja fyrir nákvæmar upplýsingar um landfyllinguna, en ef bornar eru saman uppmælingar af ströndinni, s.s. áðurnefndur uppdráttur Ólafs Jónssonar og Knud Zimsen frá 1901 og kort danska herforingjaráðsins 1908 við loftmyndir af svæðinu frá 1954, má sjá að á fyrri hluta 20. aldar hefur efri hluti víkurinnar verið fylltur sem og hluti Gelluskarðs, vegna fiskireita, ísgerðar, verksmiðjuhúsa, sjávarvarnargarða og gatna. Mögulegt er að þær aðgerðir hafi ekki náð alla leið niður að lendingarstöðunum. Hinsvegar verða enn miklar breytingar í víkinni á seinni hluta 20. aldar. Ef bornar eru saman nýjar loftmyndir[22] við myndir frá miðri öldinni má sjá að allur efri kragi víkurinnar hefur verið fylltur. Er sennilegt að þær aðgerðir hafi náð yfir flesta ef ekki alla gömlu lendingarstaðina sem ekki voru þegar komnir undir landfyllingu fyrr á öldinni. Hefur Steinsvör legið einna efst, enda erfitt að lenda þar, nema um háfjöru[23]. Áður en til landfyllingar kom er líklegt að Steinsvörinni hafi verið breytt verulega. Í og við vörina voru reistar títtnefndar bryggjur, fyrst timburbryggja Jensens, sem var rifin, og svo bæjarbryggjan. Yngri bryggjan hefur ætíð verið kennd við Steinsvör en örnefni á þessu svæði eru á reiki og þess getið í nýlegu

[21] Loftmyndasafn LMÍ, Li20698-72.
[22] Sbr. t.a.m. kortjasjá Akraneskaupstaðar.
[23] Hallgrímur Jónsson hreppstjóri, Leiðbeining um sjóleiðir og lendingar, *Ísafold*, 19.11.1884, s. 183-4.

yfirliti um örnefni á Skaganum að bryggjan hafi í raun staðið í Háteigsvörinni[24]. Hvað sem því líður, þá var við þá aðgerð 1908, m.a. notað sprengiefni[25] og staðnum umbylt enn frekar í hvert sinn og gert var við bryggjuna árin 1911 og 1914, og hún loks endurbyggð 1921[26] en að lokum látin ganga úr sér og rifin að mestu þegar hún var hætt að þjóna hlutverki sínu um og eftir miðja öldina.

Niðurstaða þessara athugana er að fornleifar kunna enn að vera á því svæði þar sem reisa á nývirki í 1. áfanga, en lendingastaðir og aðrar minjar hafa að mestu horfið undir landfyllingu og vegna annarra framkvæmda á byggðasvæði 2. áfanga.

Mynd 4. Loftmynd frá 1954 af deiliskipulagsreit. Lengst til hægri er Heimaskagasandur og sjást þar bátskeljar efst í sandinum. Bryggjustólparnir ganga út í sjó í miðri vík. Einungis syðstu stólparnir, þ.e. þeir ystu, standa enn. Við efra vinstra horn húsalengjunnar fyrir miðri mynd sést Neðri-Sýrupartur, ásamt matjurtagarði og tóftarbroti við enda hans. (LMÍ 02-0698).

Um Steinsvör

Í íslenskri minjavernd hefur verið leitast við að varðveita staði sem hafa menningarsögulegt gildi, eða a.m.k. láta gera á þeim rannsókn áður en þeir víkja vegna framkvæmda. Gildi minjastaðar liggur m.a. í sögulegu hlutverki hans og hve vel varðveittur hann er. Væri tiltekinn

[24] Ásmundur Ólafsson, Örnefni við Akranes. *Árbók Akurnesinga* 2006, s. 164.
[25] Ólafur B.Björnsson, *Akranes*, árg. 5, 3. tbl. s. 30, 1946.
[26] Finnbogi R. Þorvaldsson, Hafnargerðin á Akranesi, *Tímarit V.F.Í.* 1935, 5. hefti, 41-52; Njörður Tryggvason, Brimvarnargarðurinn á Akranesi, *Sveitarstjórnarmál* 42. árg., 1. tbl. 1982, s.12.

staður t.a.m. miðstöð sjósóknar Akurnesinga um aldir og markaði upphafið að sögu þéttbýlis og kaupstaðar, þá er ljóst að hann hefði menningarsögulegt og táknrænt gildi. Væri minjastaðurinn að auki vel varðveittur, yrði það til að auka gildi þess að hlífa minjunum og nágrenni þeirra við raski.

Er það í anda þessarar verndarstefnu sem Minjastofnun hefur gert athugasemd við áform um að hreyft verði við Steinsvör og leggur áherslu á úttekt á því svæði sem henni tengist[27]. Er það rétt athugað, enda er ekki allt sem sýnist hvað Steinsvör varðar. Eftir vettvangsferðir, heimildarannsókn og mat á áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda á fornleifar, þá er ljóst að nauðsynlegt er að taka varðveislugildi Steinsvarar til sérstakrar umfjöllunar í þessari skýrslu. Af lýsingunni hér að ofan má sjá að talsvert mikið rask hefur verið á staðnum. Víkjum nú að sögulegu gildi.

Á síðustu árum hefur Steinsvör verið lýst af fræðimönnum sem „þungamiðju sjósóknar og útræðis á Skipaskaga“, allt frá „fyrstu tíð“[28]. Þar við Steinsvör og Heimaskagasand á hafa staðið „vagga byggðarinnar í Skipaskaga“.[29] Í nýútkomnu fræðiriti um sögu Faxaflóahafna er fullyrt að „Steinsvör við Krossvík á Skipaskaga var þungamiðja sjósóknarinnar.“[30] Í nýlegri afmælisgrein vegna 70 ára kaupstaðarafmælis er staðhæft að Brynjólfur Sveinsson biskup hafi hafið „útgerð frá Steinsvör“[31]. Hin meinta útgerð Skálholtsbiskups í Steinsvör kemur einnig fyrir í viðtölum við forsvarsmenn bæjarfélagsins[32]. Á síðustu árum hefur alloft komið fyrir í umfjöllun fjölmiðla um sögu Akraness að Steinsvörin minni á sjálft upphafið, „þegar Skálholtsbiskup stundaði þaðan útgerð“[33]. Jafnvel er þess getið sérstaklega að biskup „lét hefja róðra úr Steinsvör á Akranesi árið 1650.“[34] Þessi opinbera umræða hefur haft mótandi áhrif á söguvitund þjóðarinnar. Þegar sett voru upp söguskilti á Breiðinni, við Lambhúsasund og við túnfót gamla Heimaskaga var Steinsvörin sögð „samofin útgerðarsögu Akraness“ frá því biskup hóf þar útgerð[35]. Akranesi hefur verið lýst sem fiskveiðibæ „frá landnámi“ og í því samhengi vísað til útgerðar biskupsins „frá Steinsvör“ á 17. öld[36]. Hafa þessi sögulegu tengsl einnig verið rifjuð upp í umfjöllun um afdrif fiskveiðikvóta Akurnesinga[37].

---

[27] Bréf MSÍ til Akranesskaupstaðar, dags. 17.8.2016.
[28] Gunnlaugur Haraldsson, *Saga Akraness*, 2011, s. 89.
[29] Sami, s. 349
[30] Guðjón Friðriksson, *Hér heilsast skipin*, II. bindi, 2013, Akranes, Uppheimar, s. 185.
[31] „Akraneskaupstaður 70 ára“, *Sveitarstjórnarmál* 72. árg, 7. tbl., s. 17, 2012.
[32] „Akraneskaupstaður. Við munum áfram skora“. *Sveitarstjórnarmál*, 63. árg., 6. tbl., s. 18.
[33] *DV*, 13.9.1997.
[34] *Morgunbl.* 13.10.2002.
[35] *DV* 17.7.2000.
[36] *Morgunbl.* 1.2.2008.
[37] Steinþór Guðbjartsson, „Ekkert stendur eftir“. Fréttaskýring. *Morgunbl.* 1. feb. 2008.

Að framansögðu virðist sem hér sé um merkilegan sögustað að ræða. Athyglisvert er þó að ekki er ljóst hvaða heimildir liggja fyrir því að landnámsmenn eða biskup hafi stundað útgerð í Steinsvör. Enda skýtur skökku við að Steinsvörinni er gjarnan lýst á talsvert annan hátt í ögn eldri heimildum. Eftir Hallgrím Jónsson hreppstjóra liggur sérlega greinargóð lýsing frá 1884 á leiðum og lendingum við Akranes: „Heimaskagasandur er mörgum kunnur og öllum auðsær og allgóð lending; vestanverðu við hann er Steinsvör, þrautalending, nema um háfjöru“[38]. Hallgrímur í Guðrúnarkoti (Miðteigi) þekkti vel til, enda hafði hann sjálfur lendingaraðstöðu í Guðrúnarkotsvör á Heimaskagasandi. Tíu árum eftir skrif hans ræddu Akurnesingar um að fá landssjóðsstyrk til að gera við Steinsvör, og ljóst að hún hefur sama orðspor og fyrr: „þrautalending“[39]. Reyndar fór það svo að bryggjan var reist (1908) en fljótlega (1915) voru aðstæður þar taldar ófullnægjandi, enda „mjög þröngt, klettótt og hættulegt í sunnanveðrum“ og „oft ófært til lendingar“[40].

Það liggur því beinast við að spyrja hvernig standi á því að vörin, sem á 21. öld er lofsungin sem upphaf útvegs og þéttbýlis allt frá landnámi, hafði þvert á móti verið lýst sem þrautalendingu, af þeim sem voru staðkunnugir og lentu sjálfir á opnum bátum í sandinum við Heimaskaga, fyrir daga mótorbáta og stærri farkosta?

Fróðlegt hefði verið að athuga örnefni á uppdrætti sem gerður var af Akranesi 1802, en hann virðist því miður glataður[41]. Það vill þó svo vel til að við getum rakið okkur lengra aftur í tímann, til öndverðrar 18. aldar. Til er lýsing ábúanda, skráð af Árna Magnússyni 1706, en þar kemur fram að lending við Heimaskaga „bregst nær aldrei“.[42] Í jarðaskiptabréfi frá 1697 er Steinsvör ekki nefnd, en þar er lýsing á Heimaskagasandi og röð lendinga fyrir bæina í kring, frá austri til vesturs, og skipauppsátur fyrir Efri-Sýrupart tilgreint sem vestasti hluti hans[43]. Af þessu má álykta að aðalheiti lendinga þar hafi verið Heimaskagasandur. Ásmundur Ólafsson hefur komist að sömu niðurstöðu í athugunum sínum á örnefnum varðandi hafnir og lendingar. Hann lýsir Heimaskagavör, Miðteigsvör, Háteigsvör (Réttarhúsavör) og Steinsvör lýst í sömu röð, og telur þá fyrstnefndu vera vera hina elstu[44].

---

[38] Hallgrímur Jónsson hreppstjóri, Leiðbeining um sjóleiðir og lendingar, *Ísafold*, 19.11.1884, s. 183-4. (hér s. 183).
[39] *Fjallkonan*, 11. árg, 22.maí 1894, s. 83.
[40] Bætur á lendingum á Akranesi, ópr. 1915. Þjóðskjalasafn Ísl. (Stjórnarráð Íslands - II. skrifstofa 0000-11 B-B 155-12).
[41] Sjá bréf Ohlsens lautinants justitsráðs Jensens um kort yfir Akranes, Þjóðskjalasafn Ísl. (0038-1928-011-B-B14-0022-27. Örk: 27 Kassi: 0022. 1802-1802).
[42] JÁM IV, s. 92.
[43] Jarðaskiptabréf frá 18.6.1697 pr í Ólafur B. Björnsson: *Saga Akraness* I, 36.
[44] Ásmundur Ólafsson, Heilu skipi siglt í höfn. *Árbók Akurnesinga* 2012, s. 32.



Mynd 5. Úr bréfabók 1669.Um Krosshús á Brunnhóli og fleira (Lbs 1088 4to, bls. 202-204).

Er hér komið aftur til samtíma Brynjólfs Sveinssonar biskups. Hann hóf útgerð á Akranesi um miðja sautjándu öld og stóð í talsverðum jarðakaupum. Því miður eru elstu bréfabækur hans glataðar, en við lauslega athugun á þeim sem varðveist hafa var leitað að vísbendingum um sögusviðið á útgerðarárum hans á Akranesi. Í bréfabókunum frá 1652 til 1675 kennir ýmissa grasa. Þar eru m.a. heimildir um eignaskipti á hlut biskups í Heimaskaga[45]. Þar eru einnig gögn um eign hans Ívarshús[46] og aðra staði, jarðir og parta sem hann eignaðist og sýslaði með, s.s. Innstavog[47], Teigapart[48], Lambhús[49], Breið[50] og Höfða[51]. Að frátöldum bæjarnöfnunum eru upplýsingar um staðfræðina mjög takmarkaðar, en allir þessir staðir eru kunnir af því að þar eru lendingar ágætar. Lendinga er ekki getið í bréfabókum biskups, að frátöldum uppsátrum á Sandinum við Heimaskaga[52] og við Leirgróf, sem var austan við Ívarshús[53]. Steinsvarar og Skarfavarar er ekki getið og máske voru þau heiti ekki til á 17. öld eða jafnvel óhægt að lenda þar bátum miðað við aðra lendingarkosti. Í bréfabókunum eru á hinn bóginn nefnd nokkur

[45] , Lbs 1077 4to, s. 91-93, 197-200 og 229-230. Einnig: Lbs 1080 4to, s 569- 571, s 1081 4to, s.67-70.
[46] Lbs 1078 4to, s. 653-657, 844-846.
[47] Lbs 1077 4to, s. 230-231; Lbs 1079 4to, s. 480-484.
[48] Lbs 1080 4to, s. 475-477.
[49] Lbs 1082 4to, s. .419-422.
[50] Lbs 1083 4to, s. 264-266, Lbs 1084 4to, s. 229-232.
[51] Lbs 1080 4to, s. 437-443.
[52] Lbs 1088 4to, s. 202-204.
[53] Lbs 1081 4to, s.67-70.

mannvirki sem fróðlegt hefði verið að vita hvar stóðu, s.s. Naustabúðir[54], Pétursshús[55] eða Salthúsið[56], að ógleymdum Krosshúsum[57]. Nánari þekking þar um gæti hjálpað til við að endurskapa sögusvið útgerðarmála biskups á Akranesi, staðsetja söguminjar og stuðla að verndun á þeim.

Gamlar lendingar og örnefni geta verið erfið í meðförum sem forsenda minjaverndar. Það einfaldar ekki málið að oft eru heiti á lendingarstöðum í raun ekki örnefni, heldur skilgreining á hlunnindum og aðstöðu sem ganga kaupum og sölum og geta tekið breytingum í tímans rás. Er það ólíkt t.a.m. stórum mannvirkjum, sem líkleg eru að skilja eftir sig spor. Í Biskupasögum Jóns Halldórssonar segir að Brynjólfur Sveinsson biskup hafi látið byggja stórt og sterkt krosshús í Skipaskaga[58]. Krosshús er orð sem notað hefur verið bæði um kirkjur og veraldleg hús og vísar til byggingarlögunar[59]. Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín er þessa húss getið og sagt að það hafi verið enn í notkun, sem verbúð 1706[60]. Í bréfabók biskups er gjörningsbréf frá 1669 þar sem nefnt er Krosshús og það sagt standa uppi á Brunnhól[61]. en ekki er ljóst hvar hóll þessi hefur verið. Skaginn er talsvert flatur eins og kunnugt er. Þar er landið „næstum rennislétt og hallalaust“ eins og Kristleifur Þorsteinsson lýsti því á sinni tíð[62]. Við örnefnaskráningu á Akranesi um miðja síðustu öld reyndist Brunnhóll meðal örnefna „sem ókleift er að staðsetja.“[63] Á uppdrætti Herforingjaráðskortsins frá 1908 eru sýndar hæðarlínur og þar er eina mishæðin á niðurskaganum hóll sem kallast Teigur[64], sem Teigabæir og vörin þar neðan við eru nefnd eftir. Má vel vera að Brunnhóll sé eldra nafn á Teigi. Hóllinn er nú í daglegu tali kallaður Akurshóll. Ekki er hægt að fullyrða hvar Brunnhóll var né hvar Krosshús Brynjólfs stóð, en löngu síðar, þ.e.a.s. 1883, er byggt hús og kallað Krosshús. Þar var Edinborgarverslun til 1910, en húsið rifið 1915 og reist þar íshús[65]. Er sá staður skammt utan deiliskipulagsreits norðanmegin, en með öllu óvíst að þar hafi krosshús biskupsins staðið. Krosshús eru nefnd hér sem dæmisaga um að söguleg þekking um jafnvel stórmerkilegar byggingar geta horfið með öllu. Kannski hefði vitneskja um hvar helstu byggingar Brynjólfs

[54] Lbs 1080 4to, s 475-477.
[55] Jarðaskiptabréf frá 18.6.1697 pr. í Ólafur B. Björnsson: *Saga Akraness* I, s. 36.
[56] Lbs 1081 4to, s.67-70.
[57] Lbs 1088 4to, s. 202-204.
[58] *Biskupasögur Jóns Halldórssonar* I, s 289.
[59] Sbr. Bréfaskipti höfundar við Hjörleif Stefánsson arkitekt, dags. 2.-3.11, 2016.
[60] Jarðabók IV, 104.
[61] Lbs 1088 4to, s. 202-204.
[62] Kristleifur Þorsteinsson. *Úr byggðum Borgarfjarðar* II, Reykjavík 1948, s. 245.
[63] Örnefnaskrá Akranes, Örnefnastofnun, ópr., s. 10.
[64] Sbr. Ásmundur Ólafsson, Örnefni við Akranes. *Árbók Akurnesinga* 2006, s. 162.
[65] Þorsteinn Jónsson, sama heimild, nr. 6.

biskups stóðu getað komið okkur á sporið í leit að uppruna og þungamiðju útgerðar hans. Sérlega fróðlegt væri t.a.m. að vita hvar svonefnd Biskupsbúð[66] stóð á Akranesi og hvaða hlutverki hún gegndi á sínum tíma. Einn helsti vandinn við að skilgreina merkustu sögustaðina í þessu samhengi er þó sá að elstu bréfabækur Brynjólfs eru glataðar og með þeim fór upphafskaflinn í útvegssögu hans á Akranesi.

Í raun eru hin varðveittu skjöl í þessu tilfelli ekki þess eðlis að þau geti verið góð undirstaða undir e.k. staðarlýsingar og þá sérstaklega á stað á borð við Akranes. Öll gömul kennileiti eru löngu horfin undir þéttbýlið og sú strönd sem sjórinn gjálfraði við á dögum Brynjólfs er gjörbreytt vegna landeyðingar síðustu 350 árin. Því sem sjórinn hefur ekki eytt, hefur að mestu verið umbreytt vegna sjóvarnagarða sem risið hafa í seinni tíð. Það er að auki erfitt að sjá hverjar hinna mörgu lendinga sem Brynjólfur átti eða hafði not af voru mikilvægastar. Eflaust var það kostur að hafa lendingar beggja vegna nessins, eftir því hvernig vindar blésu, þ.e. Krossvíkurmegin að sunnanverðu, eða í Lambhúsasundi og við Höfðavíkina og Innstavog norðanmegin. Hinar varðveittu heimildir gefa enganveginn heildarmynd af útgerð á Akranesi á 17. öld og einna síst hvað staðsetningar varðar.

Örnefnið Steinsvör finnst ekki í gömlum heimildum, en bent hefur verið á að það virðist hafa færst yfir allar lendingar í víkinni þar sem Heimaskagasandur er[67]. Er þessi athugun líkast til hárrétt, og skýrir að einhverju leyti hvernig allt hefur skolast til þegar vísað er til upprunasögu útgerðar á Akranesi. Við athugun heimilda er ekki alltaf ljóst hvort höfundarnir, hvort sem þeir eru skipstjórar, alþingismenn, staðkunnugir alþýðufræðimenn eða sprenglærðir sagnfræðingar, séu að fjalla um eina vör, eða alla víkina með a.m.k. fjórum, misgóðum lendingarstöðum. Hvernig stendur á því að nafnið á þrautalendingunni færist yfir á þær allar? Ekki liggur fyrir hvenær þessi yfirfærsla verður. Í deilum á Alþingi um tillögu að löggildingu Krossvíkur sem verslunarstað á Akranesi 1855 virðist vísað í Steinsvör sem samheiti, en þingmenn lýsa hafnar- og lendingarskilyrðum á Akranesi á mjög mismunandi vegu, allt eftir því hvort þeir voru fylgjandi eða andvígir tillögunni[68]. Sennilegt er að nafnbreyting festist ekki í sessi fyrr en eftir 1895 og það sé einfaldlega afleiðing af bryggjusmíðinni þar: Thor Jensen reisir bryggju í Steinsvör, og vegna staðsetningar er bryggjan kennd við þá vör, en ekki t.d. Heimaskagasand.

---

[66] Lbs 1077 4to, bls. 197-200.

[67] Gunnlaugur Haraldsson, sama rit, I, s. 91. Sbr. einnig t.d. lýsingu Hannesar Stephensen á Garðasókn 1839, Sýslu- og sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags. Mýra- og Borgarfjarðarsýslur, Sögufélag og Örnefnastofnun Íslands, Rv. 2005, s. 206.

[68] Sjá frásögn Guðjóns Friðrikssonar og heimildir sem þar er vísað til: *Hér heilsast skipin*, II. bindi, 2013, Akranes, Uppheimar, s. 191-2.

Var hún síðar tekin niður og færð yfir í Lambhúsasund. Við aukin umsvif útgerðarinnar í Krossvíkinni sunnan megin á Skaganum verður nýja bryggjan sem reis 1908 til skamms tíma helsti lendingarstaðurinn, en með fjölgun vélbáta á nýrri öld tekur steinsteypt bryggja að norðanverðu, í Lambhúsasundi, við því hlutverki og síðar bryggja aftur sunnanmegin, við Teigakletta, þar sem nú er aðalhöfnin á Akranesi.

Síðari heimildir og aðrar frásagnir eru misvísandi um hvort bryggjurnar hafi verið reistar í Steinsvör[69] eða Háteigsvör (Réttarhúsavör)[70]. Hvað sem öllum þessum nafnaruglingi líður þá er ljóst af bestu og elstu heimildinni sem völ er á að samheitið yfir lendingarnar í sandinum við Heimaskaga var á öld Brynjólfs biskups einfaldlega Heimaskagasandur: „...Þórði Jónssyni tilheyrir sá austasti afmarkaði partur í Heimaskagasandi, en Hákoni miðparturinn, og tveggja skipa uppsátur við Pétursshús, en Magnúsi Sigurðssyni vestasti parturinn."[71]

Þótt skýra megi mögulegan aldur á tilfærslu á nafni gömlu Steinsvarar á síðustu tímum, þá hefur hún valdið misskilningi sem seint verður upprættur. Kortagerð á 20. öld og stafrænar kortasjár 21. aldar hafa viðhaldið honum meðal almennings og hjá stjórnvöldum. Á uppdrætti Zimsens eftir mælingum Ólafs frá 1901 eru fá örnefni. Þar er t.a.m. Skarfavör merkt með áberandi hætti, en helsta lendingin, Heimaskagasandur, ómerkt, og Gellan virðist merkt sem Steinsvör. Ekki er ljóst hver færði örnefnin á uppdráttinn eða hvað lá að baki því hvaða staðir voru merktir með nafni. Á korti danska herforingjaráðsins (blað 26SA) af Akranesi útgefnu 1910, í mælikvarðanum 1:50.000, má sjá Skarfavör, Steinsvör og Teigavör og er nafnið Steinsvör jafnan haft um allan Heimaskagasand á ýmsum öðrum kortum í svipuðum skala. Á óútgefnum frumuppdrætti ráðsins er bæjarnöfnum á Pörtunum ruglað saman, Bræðapartur merktur sem Sýrupartur en Sýrupartstorfan, sem liggur næst Steinsvörinni, höfð nafnlaus[72]. Á ameríska AMS kortinu frá 1948 er Skarfavör sýnd á móts við Breið, Steinsvör við Heimaskagasand, en Teigavör sett innarlega við Halakotssand eða Ívarshúsavör[73]. Á lauslegum uppdrætti í Sögu Akraness I frá 1957 er Skarfavör, Teigavör og Ívarshúsavör sýndar á réttum stöðum, en Steinsvör virðist höfð í Gellunni, enda leggur höfundur kort og merkingar Zimsens frá 1901 til grundvallar[74]. Á DMA korti frá 1948-1961, sem byggist m.a. á mælingum AMS, hefur verið leitast við að leiðrétta Skarfavör og Teigavör, en þá var hin síðarnefnda reyndar þegar komin

---

[69] Sbr. t.d. *Fjallkonan*, 21. árg, 17.5.1904, s. 79; Ólafur B. Björnsson, *Saga Akraness* II, 1959, s. 67-69; Guðjón Friðriksson, *Hér heilsast skipin*, II. bindi, 2013, Akranes, Uppheimar, s. 197.

[70] Ö-Akranes, 4; Ásmundur Ólafsson, Örnefni við Akranes. *Árbók Akurnesinga* 2006, s. 157-176; GH, *Saga Akraness* I, s. 91-92.

[71] Jarðaskiptabréf frá 18.6.1697 pr. í Ólafur B. Björnsson, *Saga Akraness* I, s. 36.

[72] Uppdrátturinn er varðveittur í safni yfir bæjarteikningar hjá LMÍ.

[73] AMS, nr. 5419 I.

[74] Ólafur B. Björnsson, *Saga Akraness* I, s. 254, 1957.

undir mikil hafnarmannvirki, löngu fyrir útgáfu kortsins. Leiðréttingin veldur ruglingi hjá notendum DMA kortsins enda sú vör horfin og nafnið hefur fyrst og fremst sögulegt gildi, sem stingur mjög í stúf við þau fáu örnefni og skýringar sem á kortinu eru, er snúast öll um samtímamannvirki og nútímaþjónustu.

Eru þessar kortaútgáfur nefndar hér til að árétta að jafnvel á vandaða uppdrætti slæðast inn villur, og mikilvægt er að reyna að greiða úr vafaatriðum áður en teknar eru ákvarðanir um framkvæmdir, friðun fornleifa eða aðrar aðgerðir.

Nöfn á lendingarstöðum á Akranesi hafa verið á reiki. Steinsvör er heiti sem virðist hafa verið notað sitt á hvað um vestustu vörina, Gelluna, bryggjustæðin frá 1895 og 1908 og alla víkina sem Heimaskagasandur er í. Þeir sem kunnugastir voru staðháttum lýsa Steinsvörinni sem lendingunni vestast á Heimaskagasandi, þar sem síðar voru reistar bryggjur. Hafa bryggjurnar í seinni tíð gert gömlu þrautavörina að miðpunktinum í umsvifum á sjó sunnan megin á Skaganum í 2-3 áratugi og þannig hefur litla víkin, sem Heimaskagasandur er í, fengið nafnið lánað. En þessi snúningur er ekki lokakaflinn í sögu örnefnisins.

Þrátt fyrir að strendur Akraness hafi breyst mjög mikið á s.l. 100 árum eða svo, þá hefur verið viðleitni til að viðhalda fróðleik um gömul örnefni og merkja þau inn á glænýjar loftmyndir sem almenningur og stjórnsýslan hafa aðgang að á veraldarvefnum. Á kortasjá Samsýnar (fyrir www.ja.is) er „Steinsvör“ merkt á tveimur stöðum, annarsvegar milli Gellunnar og þar sem bryggjan í Steinsvör stóð, og hinsvegar úti fyrir Heimaskaga. Á kortasjá Minjastofnunar er nákvæm loftmynd af svæðinu og merkingar á örnefnum. Þar eru Heimaskagavör og Miðteigsvör u.þ.b. á réttum stað austast á Heimaskagasandi og sýndar liggja að hluta undir landfyllingu. Á kortasjána vantar Háteigsvör, en örnefnið Steinsvör er ekki notað sem heiti á víkinni allri, og ekki lendinguna sem komin er að mestu undir landfyllingu, heldur virðist það eiga við skarð það sem áður hefur verið nefnt og heitir Gellan, og gengur inn í kletta sem heita eftir því, Gelluklettar. Standa fiskverkunarhús HB að hluta á uppfyllingu í Gellunni. Þetta óvenjulega örnefni hefur verið skýrt sem svo: „Nafnið Gella er tilkomið vegna þess mikla hávaða eða brests sem heyrðist þegar brimið og sjávaraldan sogaðist inn og skall niður í gjána.“[75] Á kortasjánni er hinsvegar svonefnt Þórðarskarð, sem er lítið skarð milli Gellukletta og Lausukletta, kallað Gellan. Sömu örnefni eru notuð á kortasjá Akraneskaupstaðar. Í Gellunni myndast mikið sog og er ólíklegt að þar hafi verið auðvelt að lenda bátum[76] þó það kunni að hafa verið mögulegt við réttar aðstæður.

[75] Ásmundur Ólafsson, Örnefni við Akranes. *Árbók Akurnesinga* 2006, s. 164.
[76] Sbr. bréfaskipti höf. við Ásmund Ólafsson um örnefni við Heimaskaga, 13.-14. sept. 2016.



Mynd 6. Myndin sýnir örnefnamerkingar á kortasjá Minjastofnunar Íslands (https://www.map.is/minjastofnun/, loftmynd: Loftmyndir ehf). Sótt 20.09.2016.

Niðurstöður

Deiliskipulagsreitur á Breiðarsvæði nær yfir land Sýruparts, þ.m.t. Gellunnar og Gellukletta. Á lóð 8A við Breiðargötu eru leifar grjótgarðs og lítillar tóftar. Þar gætu að auki verið mannvistarleifar undir sverði frá byggðatíma Efra-Sýruparts og tómthúsa sem þar stóðu en ekki sjást ummerki um á yfirborði.

Í víkinni milli Heimaskagakletta og Gellukletta stóðu bryggjur sem reistar voru 1895 og 1908. Leifar eldri bryggjunnar eru sennilega horfnar, en eftir standa steinsteyptir stöplar sem gætu verið frá 1908 eða síðar, er yngri bryggjan var endurbætt. Fyrir tíð bryggjugerðar var lent í víkinni og helstu varir nefndar eftir bæjunum í kring. Efri hluti víkurinnar hefur verið fylltur, til sjóvarnar og vegna annarra byggingaframkvæmda, einkum á fyrri hluta 20. aldar. Varirnar í víkinni lentu undir landfyllingu, í áföngum, á 20. öld. Engar heimildir liggja fyrir um að

svonefnd Steinsvör sé elst, eða yfir höfuð forn, eða upphafsreitur útgerðar á Akranesi hvort sem miðað er við landnám, á miðöldum, á 17. öld eða síðar. Á Akranesi eru allmargir lendingastaðir, en lítið vitað um aldur þeirra. Strendur Akraness hafa breyst stórkostlega í gegnum tíðina vegna ágangs sjávar. Þar eru nú einna mestu sjóvarnargarðar landsins, eftir nær allri strandlengju kaupstaðarins og hafa þeir hamið landeyðinguna. Vandasamt er að varðveita í senn gamlar lendingar og verja land fyrir sjávarrofi. Fyrir tíð sjóvarnargarða var ágangur sjávar mikill og tók byggð jafnvel af á stöku bæjum eftir verstu stórviðrin. Er sennilegt er að elstu lendingarstaðirnir hafi verið utar en núverandi strönd, en landeyðing síðustu alda afmáð öll ummerki um þá. Þeir sem eftir stóðu hafa flestir lent undir landfyllingu og sjóvarnargörðum.